



Skýjaborgafréttir

Frístundaheimilið Skýjaborgir í Vesturbæjarskóla

Fréttabréf september 2009

137 börn byrjuð í Skýjaborgum

Stór hluti starfsfólks frá síðasta vetri kom aftur til starfa í haust en eins og gengur urðu breytingar á högum margra sem gátu því ekki léð Skýjaborgum starfskrafta sína þetta árið. Þar að auki virðist Vesturbæjarskóli vera að títtna út því börnum fjölgar svo um munar í frístundaheimilinu á ári hverju. Því þurfti að manna margar stöður eftir sumarið.

Ágúst og fyrri hluti septembermánaðar fóru í að taka við umsóknum og ráða fólk til starfa fyrir veturinn. Sem betur fer gekk allt að óskum og biðlistinn var nokkuð fljótur að tæmast. Það er bagalegt fyrir bæði börn og foreldra þegar þau komast ekki í frístunda-

heimilið og því gleðifréttir fyrir alla þegar vel gengur að ráða.

Þetta árið byrjuðu 49 ný börn í í fyrsta bekk í Skýjaborgum. Með þeim eru fimm starfsmenn á hverjum degi sem skipta dögnum á milli sín. Þeir eru: Fanney, Birgit, Inga, Júlíana, Vala, Patrizia og Auður.

Í öðrum bekk í Skýjaborgum eru líka 49 börn og þeim fylgja líka fimm starfsmenn á dag, mismunandi eftir dögum: Ísabella, Hulda, Inga Þórunn, Bjarni, Katrín Dögg, Vala, Kjartan og Bergur.

Í þriðja bekk eru 26 börn skráð og

með þeim eru Julie, Edda, Patrizia, Hildur Gauti, Guðjón og Travis. Guðmann hefur séð um 4, bekkjar hópinn þar sem eru skráð 13 börn en hann nýtur einnig stuðnings starfsfólks 3. bekkjar.

Frístundaheimilið Skýjaborgir í Vesturbæjarskóla

Vesturvallagötu 10-12

695-5053/411-5730/411-5733



Minnispunktur fyrir foreldra:

- Munið að merkja fót barnanna, sérstaklega húfur, vettlinga, flíspeysur og öll útiföt. Notið sérstakan fatamerkipenna og sniðugt er að nota heftiplástur ef það er engin miði í fötunum til að skrifa á.
- Látið starfsfólk alltaf vita þegar verið er að sækja börn.
- Látið vita með tölvupósti, samtali eða sms ef barnið á að vera í frii í Skýjaborgum.
- Upplýsingar um greiðslu-fyrirkomulag og uppsagnarfrest er á heimasíðunni www.frostaskjol.is/skyjaborgir

Kíkið á:

www.frostaskjol.is/skyjaborgir

Íþróttaskóli fyrir 1. og 2. bekk

Baldur Þorsteinsson hefur um árabil séð um Íþróttaskóla KR og frá upphafi frístundaheimilanna í Vesturbænum hefur hann komið inn í frístundaheimilin með skemmtilegar íþróttir og leiki. Ekki þarf að tíunda um gildi góðrar hreyfingar á

okkar tímum og því var ákveðið að færa út kvíarnar og hafa íþróttaskóla fyrir 2. bekk líka. Baldur er íþróttakennari í Öskjuhlíðarskóla á morgnana og seinnipartinum skiptir hann á milli frístundaheimilanna þriggja í Vesturbænum. Í Skýjaborgum er

hann með 1. bekk á miðvikudögum í tveimur hópum en með 2. bekk á mánudögum og fimmtudögum, skipt eftir kynjum.

3. og 4. bekkur í bíó

Í september var Alþjóðleg kvikmynda-hátíð í Reykjavík. Fulltrúar hátíðarinnar höfðu samband við Frostaskjól til þess að bjóða börnunum í 3. og 4. bekk í frístundaheimilinum í Vesturbæ á hátíðina sem fór fram í Háskólabíó og þar bauðst börnunum að sjá teiknimyndir og brúðumyndir fyrir börn frá Lettlandi og Noregi. Myndirnar hétu Skrattinn á Fujifjalli, Björninn kemur, Þegar eplin rúlla, Töfravatnið, Rauði riddarinn og Ævintýraprinsessan. Þetta var öðruvísi kvikmyndaupplifun en sú vanalega og varð örugglega til þess að víkka sjóndeildarhringinn hjá börnunum.



Hver hópur á sínum stað

Í Skýjaborgum er allt á sínum stað og hóparnir eiga auðvitað sinn stað líka.

“Sinn staður” eða “heimastöð” þýðir að þangað mæta börnin í upphafi dags þar sem er merkt við þau. Ef einhvern vantar í hópinn og ekki er búið að tilkynna fjarvistir er hringt í foreldra.

Fyrsti bekkur er í gamla húsinu, annar bekkur er inni í skólanum í Doremi stofunni, þriðji bekkur er í Regnboga-höll sem er færanlega skólafestan á skólalóðinni fyrir aftan Skýjaborga-húsið. Fjórði bekkur hefur svæðið á ganginum á annarri hæð fyrir framan skólafestunna þeirra.

Á heimastöð hafa börnin fund með starfsmönnum, sagt er frá skipulagi dagsins og síðan fer fram val. Börnin fá valspjald sem þau hengja á myndina sína. Þá sjá foreldrar hvaða svæði börnin hafa valið sér og geta gengið að þeim þar. Það er hægt að skipta um val einu sinni yfir daginn á þau svæði þar sem laust er pláss.

Annar til fjórði bekkur geta valið svæði hjá hvort öðru en fyrsti bekkur er út af fyrir sig í gamla húsinu.

Innstimplikerfi Skýjaborga er þannig að þau koma inn á svæðið sitt og snúa myndinni sinni við. Þegar þau fara

“Börnin fá valspjald sem þau hengja á myndina sína. Þá sjá foreldrar hvaða svæði börnin hafa valið sér og geta gengið að þeim þar.”

heim eiga þau að snúa myndinni þannig að hnakkinn snúi fram. Starfsmaður merkir inn og út líka til að tryggja öryggi.

Danskennsla hjá Sesselju

Sesselja mamma Marteins í fyrsta bekk býður fram krafta sína til að gera dagskrána í Skýjaborgum enn safaríkari. Hún er danskennari með sérstakan áhuga á danskennslu í grunnskólum og hefur unnið í Vesturbæjarskóla og í Hafnarfirði.

Danskennslan miðar að því að börnin kynnist fjölbreyttum hliðum dansins, það er sem félagslegsleg athöfn, list-

form og leið til líkamlegrar tjáningar. Lögðu er áhersla á að auka líkamsmeðvitund barnanna að þau fái tækifæri til líkamlegrar tjáningar í gegnum dansspuna og að þau læri einfalda dansa og spor.



Búið að vera frábært úti í góða veðrinu

Að byrja í skólanum - í fyrsta skipti - eða snúa aftur eftir sumarfrí er í minningunni hjá okkur fullorðna fólkinu yndislegur tími, þrunginn spennu og eftirvæntingu. Þá er frábært að geta fengið útrás í leikjum úti á skólalóð og anda að sér haustinu og síðustu sólargeislum sumarsins.

Krakkarnir í Skýjaborgum eru búnir að vera ótrúlega duglegir að leika sér úti og það er frábært að upplifa stemninguna þegar við erum í okkar daglegu útivist milli kl. 2 og 3. Þegar skóladagurinn er búinn og síðdegishressingin er komin í magann er ekkert betra en hoppa í snúsnú, sparka í bolta, fara í

feluleik með starfsmönnum, moka í drullu, tína steina, fara í álfaleik, fíflast í kastalanum, vega salt eða hvað sem hugmyndaflugði býður upp á þann daginn.



Birgit hannar búninga

Birgit Ruff er frá Dýskalandi og hefur verið mikið í listakrök með 1. bekk undanfarið. Við ákváðum að fá innsýn í hennar bakgrunn og hvernig það vildi til að hún fór að vinna í Skýjaborgum.

Birgit lærði búningahönnun í Ulm og hannaði búninga fyrir tvö barnaleikrit, Dagfinnur

Dýralæknir og Járnamaðurinn. Hún var í listaháskóla í Berlín og lærði



arkitektúr með áherslu á sviðshönnun. Hún vann í Berlín í smátíma og reyndi aftur að við steinafræðina. Hún var að vinna rannsóknarvinnu Geoforschungsinstitut Potsdam. Þá hitti hún manninn sinn sem er íslenskur og leiðin lá til Íslands, árið 2003. “Þá var ég að vinna á Alzheimersdeildinni á Landakoti og lærði íslensku í Endurmenntunarstofnun HÍ. Svo tók ég eitt ár í Íslensku fyrir útlendinga hjá HÍ og vann næturvinnu hjá póstinum. Svo byrjaði ég að vinna 50% á Skýjaborgum. Áður hafði ég unnið með

“Þar lærði ég líka hugmyndafræði um að hópurinn vinnur alltaf betur en einstaklingurinn. Þetta nýtist mér mjög vel í vinnu hjá ÍTR.”

unglingum í Berlín á siglinganámskeiðum.

Í unglingaskólanum 2. Ulmer Modell sem ég var í mikil lýðræðisstefna með sérstaka kennsluáðferðir. Þar lærði ég marga t.d. að vefa, taka kvikmyndir og búa til og spila á miðaldahljóðfæri. Þar lærði ég líka hugmyndafræði um að hópurinn vinnur alltaf betur en einstaklingurinn. Þetta nýtist mér mjög vel í vinnu hjá ÍTR” segir Birgit .

Ísabella og Guðmann sprella með krökkunum

Ísabella er að vinna með börnunum í öðrum og þriðja bekk. Við vildum vita hvað hefði borið hæst í starfinu hingað til: “Ég fór með börnunum í spæjaraleiðangur um hverfið og tók myndavélina með. Þau skiptust á að taka myndir af öllu sem fyrir augu bar, markmiðið var að safna sönnunargögnum. Við enduðu svo á róluvelli. Um daginn var ég líka að gera dúkkulísur með stelpunum. Þær byrjuðu

á að búa til búka og svo var byrjað að hanna fót.”



Guðmann segist aðallega hafa verið að spila með krökkunum í 4. bekk.. “Aðallega Monopoly sem hefur slegið í gegn undanfarið”. En svo er auðvitað alltaf vinsælt að teikna og búa til teiknimyndasögur.

Það er alla vega augljóst að Ísabella og Guðmann hafa gaman af vinnunni!